



BORGARSKJALASAFN
REYKJAVÍKUR

Einkaskjalasafn nr. 335

Jón Ormsson
(1886-1973)

Skjalaskrá

Einkaskjalasafn nr. 519

Jón Ormsson rafvirkjameistari

Inngangur

Jón Ormsson fæddist 30. maí 1886 á Grímsstöðum í Meðallandi, Vestur Skaftafellssýslu. Foreldrar hans voru þau Guðrún Ólafsdóttir (1853-1948) fædd á Eystri- Lyngum í Meðallandi og Ormur Sverrisson (1853-1945) fæddur á Grímsstöðum í Meðallandi.

Kona Jóns, 6. apríl 1918, var Jónína Sigríður Jónsdóttir, fædd 2. febrúar 1898, dáin 26. nóvember 1994, frá Giljum í Mýrdal. Sonur þeirra var Jón Aðalsteinn Jónsson (1920-2006)

Jón stundaði sjómennsku á árabátum frá 1906 og var einnig á þilskipum. Þá var hann um skeið við verslunarstörf í Vík í Mýrdal og eins í Borgarnesi einn vetur. Við vegavinna var hann í Borgarfirði eitt sumar og við smíðar á Hrútarfjarðará sumarið 1912. Að vetri til dvaldist Jón oftast í áttögum sínum í Mýrdal. Stundaði nám í skósmíði í Vík í Mýrdal og fékk sveinsbréf 1913. Sama ár hóf hann nám og störf í rafvirkjun hjá Halldóri Guðmundsyni rafmagnsfræðingi og fékk löggildingu sem rafvirki 1923 og meistararéttindi fékk hann 1933.

Árið 1923 stofnaði Jón, ásamt Eiríki bróður sínum, fyrirtækið *Bræðurnir Ormsson*, sem verslaði með rafmagnsvörur og veitti þjónustu í rafíðnaði. Jón gekk úr fyrirtækinu í árslok 1931 og starfaði síðan undir eigin nafni sem rafvirkjameistari, ásamt því að vera umsjónamaður með raflögnum í húsum Reykjavíkurborgar frá 1953.

Jón átti sæti í raffangaprófun Rafmagnseftirlits ríkisins frá upphafi, formaður Félags löggiltra rafvirkjameistara í Reykjavík í mörg ár og sat lengi í stjórn Vinnuveitendasambands Íslands. Hann var félagi í Oddfellowreglunni frá 1921 og heiðursfélagi í Félagi löggiltra rafvirkjameistara og

Jón andaðist 4. janúar 1973 í Reykjavík.

Afhending: Jón Viðar Jónsson afhenti Borgarskjalasafni bókhaldsgögn Jóns Ormssonar, 29. maí 2007.

Tímabil: 1932-1955.

Innihald: Bréf, hjónavígslubréf, vottorð, frásafnir og endurminningar, bókhald o.fl.

Sigríður Sía Jónsdóttir afhenti Borgarskjalasafni Reykjavíkur viðbót við skjalasafn Jóns Ormssonar í júlí 2012, en það kom með skjalasafni Jóns Aðalsteins Jónssonar (E-483).

Skjalaskrá

Askja 1

Endurskoðaðir rekstrar- og efnahagsreikningar 1950 og 1952

Reikningabók 1935-1942
Kreditorar, 1940 og 1941
Kassabók I, 1932-1935
Kassabók II, 1933-1935
Kassabók III, 1935-1937
Kassabók IV, 1937-1938
Kassabók V, 1939-1943
Kassabók VI, 1942-1949

Askja 2

Dagbók, jan. 1940- júní 1944
Dagbók, júlí 1944-des. 1952
Löggild Efnahagsbók, gegnumdregin og innsigluð, 1942 - 1948

Askja 3

Fylgiskjöl 1937 - 1939
Höfuðbók nr. 3 (viðskiptamenn), 1935-1938
Höfuðbók nr. 2 (viðskiptamenn), 1933-1938
Höfuðbók (viðskiptamenn), 1940-1943
Viðskiptamenn (skuldunautar) 1943-1945: útistandandi skuldir og greiðsluáætlanir
Viðskiptamenn (skuldunautar) 1945-1955: útistandandi skuldir og greiðsluáætlanir

Askja 4

Höfuðbók (eiginleg) 1940 og 1941
Höfuðbók nr. 1 (viðskiptamenn), 1932-1939
Höfuðbók nr. 2 (viðskiptamenn), 1940-1943

Askja 5

Dagbók I, jan. 1932 – mars 1934

Askja 6

Dagbók II, apríl 1934 – des. 1935

Askja 7

Dagbók III, jan. 1936 – des. 1936.

Skráð Bernharður Kristinsson, júlí 2007.

Viðbót við skjalasafn Jóns Ormssonar.

Askja 8

Bréfa- og málafn 1890-1976.

Örk 1

Kristján konungur hinn Tíundi. Hjónavíglsubríf Jóns Ormssonar og Jónínu Sigríðar
Jónsdóttur, 4. apríl 1918.

Kúabólu-setningar-attest Jóns Ormssonar, 17. maí 1890.
Bólusetningarskírteini Jónínu Sigríðar Jónsdóttur, 10. apríl 1909.
Staðfesting á fermingu Jóns Ormssonar, 24. mars 1913.
Námsbréf Jóns Ormssonar í skósmíði, 18. apríl 1913.
Eimskipafélag Íslands. Hlutabréf, kr. 50.-, 24. nóvember 1917.
Oddfellowreglan (I.O.O.F.). Boð um að vera við hátíðarhöld í tilefni af 25 ára afmæli reglunnar á Íslandi, 28. júní 1922.
Borgarstjórinn í Reykjavík. Löggilding Jóns Ormssonar sem rafvirkja við lágspennuveitur í Reykjavík, 1. ágúst 1923.
Uppkast að staðfestingu á kaupmála Jóns Ormssonar og Sigríðar Jónsdóttur, 6. apríl 1927.
Lögreglustjórinn í Reykjavík. Jón Ormsson fær verslunarleyfi fyrir smáverslun, 2. nóvember 1933.
Rafmagnseftirlit Ríkisins. Leyfisbréf Jóns Ormssonar til rafvirkjunar við lágspennuvirki, 9. nóvember 1933.
Löggildingarskírteini rafmagnsvirkja í Reykjavík. Starfsleyfi til Jóns Ormssonar, 13. nóvember 1933.
Löggildingarskírteini rafmagnsvirkja í Reykjavík. Starfsleyfi til Jóns Ormssonar, 9. apríl 1937.
Áfengisbók fyrir karla, Jón Ormsson getur tekið út áfengi samkvæmt greiðsluseðli, júní 1941.
Staðfesting á að Jón Ormsson hafi lánað Júlíusi Björnssyni löggildingu, til afnota í máli sem Eggert Classen rekur gegn rafvirkjafélaginu, 25. janúar 1944.
Verðlagsstjóri. Jón Ormsson útnefndur til að vera verðlagseftirlitinu til aðstoðar við mat á rafvirkjastörfum, 25. apríl 1944.
Sakadómur Reykjavíkur. Sakavottorð fyrir Jón Ormsson og augnvottorð frá Kjartani Ólafssyni lækni, 4. maí 1950.
Verðgæslustjórinn. Jón Ormsson beðinn að meta viðgerð á miðstöð, 2. nóvember 1950.
Ræktunarsjóður „Skaftafells“ í Heiðmörk, tildrög og stofnsamþykkt, 6. apríl 1953.
Sakadómur Reykjavíkur. Sakavottorð, 4. maí 1956.
Félag löggiltra rafvirkjameistara í Reykjavík. Boð í 30 ára afmælishóf félagsins, febrúar 1957.
Aldursvottorð Jóns Ormssonar þar sem sagt er að hann sé fæddur kringum 20. maí 1886, dagsett 22. febrúar 1960. Með því er miði dagsettur 27. desember 1970, þar sem Jón segir móður sína segja að hann sé fæddur 30. maí 1886.

Örk 2

Bréf til Jóns Ormssonar frá foreldrum hans, Guðrúnu Ólafsdóttur og Ormi Sverrissyni, 3. október 1920.
Bréf til Jóns Ormssonar og Sigríðar Jónsdóttur frá syni þeirra Jóni Aðalsteini, 27. júlí 1939 og 12. júlí 1941.
Bréf, afmæliskort, vottorð o.fl., til og frá Jóni Ormssyni og Sigríði Jónsdóttur, 1913-1976.
Vestmannaeyjar o.fl., vinnutímabók Jóns Ormssonar, Mýrdal, 1915.

Örk 3

Endurrit úr bæjarþingsbók Reykjavíkur. Mál vegna viðgerðar á þvottavél, lagningu raflagna og kallsímkerfis og mat á vélbyssuskotbakka í Tívoli, 1944-1953.
Endurrit úr dómabók Reykjavíkur. Mál Jóns Ormssonar gegn lögreglustjóranum í Reykjavík, 1937-1938.

Mappa.

Jón Ormsson rafvirkjameistari er gerður að heiðursfélaga Félags löggiltra rafvirkjameistara í Reykjavík, 29. mars 1957.

Mappa.

Sjafnargata 1 í Reykjavík.
Borgarstjórinn í Reykjavík. Sigríði Jónsdóttur leigð lóðin við Sjafnargötu 1 í Reykjavík, 25. mars 1930.

Byggingarfulltrúinn í Reykjavík. Staðfesting á að húsið við Sjafnargötu 1 sé samkvæmt byggingarsamþykkt, 7. nóvember 1930.

Fasteignamat á Sjafnargötu 1, 13. september 1932.

Sjóváttryggingarfélag (félag) Íslands h.f., brunatryggingarskírteini, 19. janúar 1940.

Virðingargjörð fyrir Sjafnargötu 1, 20. mars 1940.

Veðbókarvottorð, 11. apríl 1940.

Landsbanki Íslands. Veðdeildarlán, 19. apríl 1940.

Veðleyfi. Ólafur J. Sveinsson gefur leyfi fyrir veði í Sjafnargötu 1, 16. apríl 1940.

Veðleyfi. Sigurður G. Bjarnason gefur leyfi fyrir veði í Sjafnargötu 1, 16. apríl 1940.

Teikningar af raflögn, án árs, 2 teikningar.

Bók Sigríðar Jónsdóttur.

Sjafnargata 1. Stofnkostanaður við byggingu hússins, frá 10. apríl 1930 til 23. júní 1940.

Viðskiptabók fyrir húseignina nr. 1 við Sjafnargötu, 2. janúar 1940 til 1991. Fremst í bókinni er manntalsskýrsla, íbúar Sjafnargötu 1, 18. október 1940.

Mappa.

Frá Jóni Ormssyni. Ýmsar frásagnir, endurminningar, ættfræði, fundargerð, ljóð og vísur, bænir, minningarorð, teikningar af Efri- Ey o.fl., 1900-1959

Ljósmynd: Mynd af legsteini Guðrúnar Ólafsdóttur og Orms Sverrissonar, 2 myndir.

Askja 9

Bréfa- og málafn, prentað mál og bókhald, 1913-1994.

Örk 1

Eyðublöð og umslög frá Jóni Ormssyni.

Umslag.

Afrit að ræðu séra Óskars J. Þorlákssonar við jarðarför Jóns Ormssonar, 11. janúar 1973.

Minningarkort um, 1973.

Þakkarkort vegna andláts Sigríðar Jónsdóttur, 1994.

Umslag.

Minningarkort um Jón Ormsson, 1973.

Prentað mál

Reglur um rafmagnslagning í Reykjavík, bæklingur, 1921.

Morgunblaðið, 2. nóvember 1913.

Rafvirkjameistarinn, tímarit, 1. tbl. 6. árg. maí 1967.

Félag löggiltra rafverktaka, lír fréttir, 5. tbl. 1997.

Bókhald

Ársreikningar, rekstur fyrirtækis, reikningar vegna húsnæðis og bifreiða, eyðublöð o.fl., 1936 og 1964-1971.

Skráð í september 2013,
GBS